

REGLUGERÐ

**um tilkynningar um viðskipti skv. 30. gr.
laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti.**

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um tilkynningar um viðskipti samkvæmt 30. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti.

2. gr.

Efni tilkynninga um viðskipti.

Tilkynningar um viðskipti til Fjármálaeftirlitsins samkvæmt 30. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, skulu innihalda eftirtaldir upplýsingar:

1. Upplýsingar sem tilgreindar eru í 13. gr. og töflu 1 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1287/2006 frá 10. ágúst 2006 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB að því er varðar skyldur fjármála-fyrirtækja varðandi skýrsluhald, tilkynningar um viðskipti, gagnsæi á markaði, töku fjármálagerna til viðskipta og hugtök sem eru skilgreind að því er varðar þá tilskipun, sbr. reglugerð nr. 994/2007 um innleiðingu hennar og fylgiskjal I með reglugerð þessari.
2. Auðkenning viðskiptavinar sem fjármálafyrirtæki annast viðskipti fyrir í formi viðskiptanúmers eða reikningsnúmers, þ.e. tölu- og/eða bókstafir og er að hámarki 20 stafir. Auðkenningin skal vera sérkennandi, þannig að hún vísi einungis til viðkomandi viðskiptavinar, og skal notuð í öllum tilkynningum hlutaðeigandi fjármála-fyrirtækis til Fjármálaeftirlitsins um viðskipti hans.

3. gr.

Tengdir fjármálagerningar.

Tilkynningarskylda samkvæmt 30. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, nær til viðskipta með fjármálagerna sem tengjast fjármálagerningum sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði, s.s. afleiður.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 31. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, og öðlast gildi 1. apríl 2008.

Viðskiptaráðuneytinu, 11. febrúar 2008.

Björgvin G. Sigurðsson.

Áslaug Árnadóttir.

Fylgiskjal I.

Tafla 1 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1287/2006 frá 10. ágúst 2006 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB að því er varðar skyldur fjármálafyrirtækja varðandi skýrsluhald, tilkynningar um viðskipti, gagnsæi á markaði, töku fjármálagerninga til viðskipta og hugtök sem eru skilgreind að því er varðar þá tilskipun, sbr. reglugerð nr. 994/2007 um innleiðingu hennar í íslenskan rétt.

Tafla 1
Listi yfir innihald tilkynninga.

Heiti reits	Lýsing
1. Auðkenning fyrirtækis sem gefur skýrslu	Sérstakur kóði til að auðkenna fyrirtækið sem annaðist viðskiptin.
2. Viðskiptadagur	Viðskiptadagurinn þegar viðskiptin fóru fram.
3. Viðskiptatími	Gefa skal upp tímasetningu á því hvenær viðskiptin fóru fram á staðartíma þess lögbæra yfirvalds sem tilkynnt er um viðskiptin ásamt grundvelli skýrslugjafar varðandi viðskiptin, miðað við alheimstíma (UTC) +/- klst.
4. Kaup-/söluvísir	Sýnir hvort viðskiptin voru kaup eða sala frá sjónarhóli fjármálafyrirtækisins sem gefur skýrslu eða viðskiptavinarins ef skýrsla er lögð fyrir viðskiptavin.
5. Viðskiptageta	Segir til um hvort fyrirtækið annaðist viðskiptin: – fyrir eigin reikning (annaðhvort fyrir eigin hönd eða fyrir hönd viðskiptavinar), – fyrir reikning og hönd viðskiptavinar.
6. Auðkenning gernings	Í henni felst: – sérstakur kóði (ef hann er fyrir hendi) sem lögbæra yfirvaldið, sem fær skýrsluna með auðkenningu fjármálagerningsins sem viðskiptin eru með, ákvarðar, – ef viðkomandi fjármálagerningur hefur ekki sérstakan auðkenniskóða skal heiti gerningsins, eða einkenni samningsins ef um er að ræða afleiðusamning, vera í skýrslunni.
7. Tegund kóða gernings	Tegund kóða sem notaður er til að tilkynna um gerninginn.
8. Auðkenning undirliggjandi gernings	Auðkenning gerningsins sem gildir um verðbréfið sem er undirliggjandi eign afleiðusamnings og verðbréfsins sem fellur undir c-lið 18. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB.
9. Tegund auðkenniskóða undirliggjandi gernings	Tegund kóðans sem notaður er til að tilkynna um undirliggjandi gerning.
10. Tegund gernings	Samræmd flokkun fjármálagerningsins sem viðskiptin eru stunduð með. Í lýsinguinni skal a.m.k. koma fram hvort gerningurinn sé í einum af helstu flokkunum sem gefnir eru sem alþjóðlega viðurkenndur samræmdur staðall fyrir flokkun fjármálagerninga.

11. Gjaldldagi	Gjaldldagi skuldabréfs eða annars konar tryggðs skuldaskjals eða nýtingardagur/gjaldldagi afleiðusamnings.
12. Tegund afleiðu	Samræmd lýsing á tegund afleiðu skal gerð í samræmi við einn af helstu flokkunum sem gefnir eru sem alþjóðlega viðurkenndur staðall fyrir flokkun fjármálagerna.
13. Söluréttur/kaupréttur	Tilgreining á því hvort valréttur eða annar fjármálagerningur sé sölu- eða kaupréttur.
14. Lausnarverð	Lausnarverð valréttar eða annarra fjármálagerna.
15. Verð-margfaldari	Fjöldi eininga viðkomandi fjármálagernings í einni viðskiptalotu, t.d. fjöldi afleiðna eða verðbréfa í einum samningi.
16. Einingarverð	Verð hlutabréfs eða afleiðusamnings að undanskildum umboðslaunum og (þar sem við á) áföllnum vöxtum. Ef um er að ræða skuldagerning má gefa upp verð í gjaldmiðli eða sem hundraðshluta.
17. Verðviðmið	Gjaldmiðillinn sem verðið er gefið upp í. Ef um er að ræða skuldabréf eða annars konar verðbréfaðar skuldir og verðið er gefið upp sem hundraðshluti skal einnig gefa upp hundraðshlutann.
18. Magn	Fjöldi eininga fjármálagerningsins, nafnverð skuldabréfa eða fjöldi afleiðusamninga sem teljast til viðskiptanna.
19. Magntáknun	Upplýsingar um hvort magnið vísi til fjölda eininga fjármálagerna, nafnverðs skuldabréfa eða fjölda afleiðusamninga.
20. Mótaðili	Auðkenning mótaðila viðskiptanna. Í auðkenningunni felst: <ul style="list-style-type: none"> – ef mótaðilinn er fjármálafyrirtæki, sérstakur kóði fyrir viðkomandi fyrirtæki, sem lögbært yfirvald (ef það er fyrir hendi), sem fær skýrsluna, ákvarðar, – ef mótaðilinn er skipulegur verðbréfamarkaður eða markaðstorg fjármálagerna (MTF) eða aðili sem gegnir hlutverki milligönguaðila, sérstakur samræmdur auðkenniskóði fyrir viðkomandi markað, markaðstorg eða aðila sem gegnir hlutverki miðlægs mótaðila, eins og hann er skilgreindur í skránni sem lögbært yfirvald heimaáildarríkis viðkomandi fyrirtækis gefur út í samræmi við 2. mgr. 13. gr., – ef mótaðilinn er ekki fjármálafyrirtæki, skipulegur verðbréfamarkaður eða aðili sem gegnir hlutverki miðlægs mótaðila skal auðkenna hann sem „viðskiptavin“ fjármálafyrirtækisins sem annaðist viðskiptin.
21. Auðkenning kerfis	Auðkenning kerfisins þar sem viðskiptin fara fram. Í auðkenningunni felst: <ul style="list-style-type: none"> – ef kerfið er markaður: sérstakur samræmdur auðkenniskóði, – annars: kóðinn „OTC“.
22. Tilvísunarnúmer viðskipta	Sérstakt kenninúmer viðskiptanna sem fjármálafyrirtækið lætur í té eða þriðji aðili sem gefur skýrslur fyrir hönd þess.
23. Merki um afturköllun	Upplýsingar um hvort viðskiptin voru afturkölluð.